



Yfirlit yfir kostnað og tengd gjöld við fjárfestingar í fjármálagerningum



Betri yfirsýn yfir kostnað og tengd gjöld þegar fjárfest er í fjármálagerningum hjá Arion banka

Yfirsýn yfir áætlaðan kostnað og gjöld áður en fjárfest er

Þegar fjárfest er í fjármálagerningum skiptir máli að vita hvaða kostnaður og tengd gjöld fylgja viðskiptunum og hver áhrifin verða á ávöxtun.

Með innleiðingu MIFID II tilskipunarinnar er lögð ríkari krafa á verðbréfafyrirtæki að veita viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum upplýsingar með góðum fyrirvara um allan kostnað og tengd gjöld.

Í þessu skjali er að finna upplýsingar um áætlaðan kostnað og tengd gjöld í tengslum við kaup og sölu á hluta- og skulda-bréfum. Kostnaðurinn er byggður á dæmum um viðskipti, með fyrirfram skilgreindum forsendum um fjárfestingartíma og fjárhæðir í viðskiptum.

Eins og gefur að skilja er ekki um tæmandi lista yfir möguleg viðskipti að ræða.

Áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun

Kostnaður hefur ávallt neikvæð áhrif á ávöxtun. Fjárfesting þarf því að skila hærri ávöxtun en sem nemur kostnaði til að ávöxtun verði jákvæð. Kostnaður er vanalega hærri í upphafi og við lok fjárfestingar sökum kaup- og sölubóknunar, en lægri þess á milli.

Í meðfylgjandi dæmum er til einföldunar ekki gert ráð fyrir ávöxtun á fjárfestingartímanum.

Kostnaður viðskiptavinar gæti verið annar

Dæmin byggja á listaverði samkvæmt verðskrá. Hafa þarf í huga að kostnaðurinn í meðfylgjandi dæmum er áætlaður og sá kostnaður sem fjárfestar greiða getur verið annar en sá sem kemur fram í þessum dæmum.


Árlega mun bankinn senda viðskiptavinum sínum ítarlegt yfirlit yfir þann kostnað og tengd gjöld sem greidd voru á árinu.

Til að fá yfirlit yfir kostnaðarliði eru fjárfestar jafnframt hvattir til að kynna sér verðskrá verðbréfa- og lífeyrisþjónustu bankans sem nálgast má á arionbanki.is/verðskra.

Viðskiptavinur skal ekki túlka það sem fram kemur í dæmunum sem ráðleggingar um kaup, sölu eða aðra ráðstöfun fjármálagerninga, né heldur sem spá um ávöxtun í framtíðinni.

Upplýsingar um áætlaðan kostnað og tengd gjöld taka ekki tillit til þess kostnaðar sem getur falist í almennum áhættuþáttum við fjárfestingar í fjármálagerningum. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér yfirlit yfir helstu eiginleika fjármálagerninga og áhættuþætti sem nálgast má á arionbanki.is/fjarfestavernd.

Ef spurningar vakna er hægt að hafa samband með því að hringja í þjónustuver bankans í síma 444 7000, senda tölvupóst á netfangið arionbanki@arionbanki.is eða spjalla á netspjallinu á arionbanki.is.



Hlutabréf

Skráð innlend hlutabréf - viðskipti í netbankanum eða Arion appinu

Forsendur

Meðfylgjandi dæmi veitir upplýsingar um áætlaðan kostnað og tengd gjöld, birt sem hlutfall af fjárfestingu og sem krónutala, þegar fjárfest er í skráðum innlendum hlutabréfum í gegnum netbankann eða Arion appið. Jafnframt má sjá hver uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda eru á ávöxtun. Dæmið er þrískipt eftir fjárhæðum.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingartími sé fimm ár og bréfin seld í lok þess tíma. Gert er ráð fyrir að félagið borgi út arð einu sinni á ári. Til einföldunar er ekki gert ráð fyrir ávöxtun á fjárfestingartímanum. Miðað er við að fjárfestir sé einstaklingur, þ.e. ekki lögaðili, og að umræddur fjármálagerningur sé eina eign á vörslu-reikningi viðkomandi.

Fjármálagerningur:	Skráð innlend hlutabréf	Ávöxtun á tímabilinu:	0,00%
Viðskiptavettvangur:	Netbankinn / Arion appið	Markaður:	Ísland
Fjárfestingartími:	5 ár	Gjaldmiðill:	Íslensk króna (ISK)

Samanlagður kostnaður og tengd gjöld á fjárfestingartímanum

Dæmi um fjárfestingu:	500.000 kr.		1.000.000 kr.		5.000.000 kr.	
	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu
Kostnaður við vöru	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%
Kostnaður við þjónustu ¹	31.100 kr.	6,22%	38.100 kr.	3,81%	98.100 kr.	1,96%
Þóknarir frá þriðja aðila	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%
Kostnaður og gjöld samtals:	31.100 kr.	6,22%	38.100 kr.	3,81%	98.100 kr.	1,96%

Uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun á fjárfestingartímanum

	500.000 kr.	1.000.000 kr.	5.000.000 kr.
Virði fjárfestingar ef enginn kostnaður eða gjöld eru til staðar	500.000 kr.	1.000.000 kr.	5.000.000 kr.
Virði fjárfestingar ef allur kostnaður og gjöld eru innifalin	468.900 kr.	961.900 kr.	4.901.900 kr.
Viðbúinir toppar og sveiflur í kostnaði og gjöldum (vegna kaup- og sölubóknunar)	8.600 kr.	15.600 kr.	75.600 kr.
Vöxtur fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar, miðað við 0% ávöxtun	-6,22%	-3,81%	-1,96%
Þetta jafngildir lækkun á ávöxtun um	31.100 kr.	38.100 kr.	98.100 kr.

¹Um er að ræða kaup- og sölubóknun, afgreiðslugjald, gjald vegna fyrirtækjaáðgerða (arðgreiðslur) og vörslubóknun. Lágmarksvörslugjald er tekið af öllum söfnum óháð stöðu og afurð. Sjá nánar í verðskrá verðbréfa- og lífeyrisþjónustu bankans á arionbanki.is/verdskra

Skráð innlend hlutabréf - viðskipti í gegnum verðbréfamiðlun

Forsendur

Meðfylgjandi dæmi veitir upplýsingar um áætlaðan kostnað og tengd gjöld, birt sem hlutfall af fjárfestingu og sem krónutala, þegar fjárfest er í skráðum innlendum hlutabréfum í gegnum verðbréfamiðlun. Jafnframt má sjá hver uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda eru á ávöxtun. Dæmið er þrískipt eftir fjárhæðum.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingartími sé fimm ár og bréfin seld í lok þess tíma. Gert er ráð fyrir að félagið borgi út arð einu sinni á ári. Til einföldunar er ekki gert ráð fyrir ávöxtun á fjárfestingartímanum. Miðað er við að fjárfestir sé einstaklingur, þ.e. ekki lögaðili, og að umræddur fjármálagerningur sé eina eign á vörslu-reikningi viðkomandi.

Fjármálagerningur:	Skráð innlend hlutabréf	Ávöxtun á tímabilinu:	0,00%
Viðskiptavettvangur:	Verðbréfamiðlun	Markaður:	Ísland
Fjárfestingartími:	5 ár	Gjaldmiðill:	Íslensk króna (ISK)

Samanlagður kostnaður og tengd gjöld á fjárfestingartímanum

Dæmi um fjárfestingu:	500.000 kr.		1.000.000 kr.		5.000.000 kr.	
	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu
Kostnaður við vöru	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%
Kostnaður við þjónustu ¹	33.900 kr.	6,78%	43.900 kr.	4,39%	123.900 kr.	2,48%
Þóknanir frá þriðja aðila	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%
Kostnaður og gjöld samtals:	33.900 kr.	6,78%	43.900 kr.	4,39%	123.900 kr.	2,48%

Uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun á fjárfestingartímanum

	500.000 kr.	1.000.000 kr.	5.000.000 kr.
Virði fjárfestingar ef enginn kostnaður eða gjöld eru til staðar	500.000 kr.	1.000.000 kr.	5.000.000 kr.
Virði fjárfestingar ef allur kostnaður og gjöld eru innifalín	466.100 kr.	956.100 kr.	4.876.100 kr.
Viðbúinir toppar og sveiflur í kostnaði og gjöldum (vegna kaup- og sölubóknunar)	11.400 kr.	21.400 kr.	101.400 kr.
Vöxtur fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar, miðað við 0% ávöxtun	-6,78%	-4,39%	-2,48%
Þetta jafngildir lækkun á ávöxtun um	33.900 kr.	43.900 kr.	123.900 kr.

¹ Um er að ræða kaup- og sölubóknun, afgreiðslugjald, gjald vegna fyrirtækjaaðgerða (arðgreiðslur) og vörslubóknun. Lágmarksvörslugjald er tekið af öllum söfnum óháð stöðu og afurð. Sjá nánar í verðskrá verðbréfa- og lífeyrisþjónustu bankans á arionbanki.is/verdskra

Skráð erlend hlutabréf - viðskipti í gegnum verðbréfamíðlun

Forsendur

Meðfylgjandi dæmi veitir upplýsingar um áætlaðan kostnað og tengd gjöld, birt sem hlutfall af fjárfestingu og sem krónutala, þegar fjárfest er í skráðum erlendum hlutabréfum í gegnum verðbréfamíðlun. Jafnframt má sjá hver uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda eru á ávöxtun. Dæmið er þrískipt eftir fjárhæðum.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingartími sé fimm ár og bréfin seld í lok þess tíma. Gert er ráð fyrir að félagið borgi út arð ársfjórðungslega. Til einföldunar er ekki gert ráð fyrir ávöxtun á fjárfestingartímanum. Miðað er við að fjárfestir sé einstaklingur, þ.e. ekki lögaðili, og að umræddur fjármálagerningur sé eina eign á vörslureikningi viðkomandi.

Fjármálagerningur:	Skráð erlend hlutabréf	Ávöxtun á tímabilinu:	0,00%
Viðskiptavettvangur:	Verðbréfamíðlun	Markaður:	Bandaríkin
Fjárfestingartími:	5 ár	Gjaldmiðill:	Bandaríkjadalur (USD)

Samanlagður kostnaður og tengd gjöld á fjárfestingartímanum

Dæmi um fjárfestingu:	500.000 kr.		1.000.000 kr.		5.000.000 kr.	
	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu
Kostnaður við vöru	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%
Kostnaður við þjónustu ¹	79.399 kr.	15,88%	79.399 kr.	7,94%	159.399 kr.	3,19%
Þóknarir frá þriðja aðila	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%
Kostnaður og gjöld samtals:	79.399 kr.	15,88%	79.399 kr.	7,94%	159.399 kr.	3,19%

Uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun á fjárfestingartímanum

	500.000 kr.	1.000.000 kr.	5.000.000 kr.
Virði fjárfestingar ef enginn kostnaður eða gjöld eru til staðar	500.000 kr.	1.000.000 kr.	5.000.000 kr.
Virði fjárfestingar ef allur kostnaður og gjöld eru innifalín	420.601 kr.	920.601 kr.	4.840.601 kr.
Viðbúinir toppar og sveiflur í kostnaði og gjöldum (vegna kaup- og sölubóknunar)	23.582 kr.	23.582 kr.	103.582 kr.
Vöxtur fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar, miðað við 0% ávöxtun	-15,88%	-7,94%	-3,19%
Þetta jafngildir lækkun á ávöxtun um	79.399 kr.	79.399 kr.	153.399 kr.

¹ Um er að ræða kaup- og sölubóknun, afgreiðslugjald og vörslubóknun. Miðað er við opinbera gengisskráningu bandaríkjadals gagnvart krónu 31. mars 2022, 127,9 kr. Lágmarksvörslugjald er tekið af öllum söfnum óháð stöðu og afurð. Sjá nánar í verðskrá verðbréfa- og lífeyrisþjónustu bankans á arionbanki.is/verðskrá

Skuldabréf

Skráðir ríkisvixlar - viðskipti í gegnum verðbréfamiðlun

Forsendur

Meðfylgjandi dæmi veitir upplýsingar um áætlaðan kostnað og tengd gjöld, birt sem hlutfall af fjárfestingu og sem krónutala, þegar fjárfest er í skráðum ríkisvixlum, með lántíma undir einu ári, í gegnum verðbréfamiðlun. Jafnframt má sjá hver uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda eru á ávöxtun. Dæmið er þrískipt eftir fjárhæðum.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingartími sé sex mánuðir og vixlarnir greiddir upp í lok þess tíma. Ríkisvixlar bera ekki vexti og eru greiddir á nafnverði á gjalddaga. Miðað er við að fjárfestir sé einstaklingur, þ.e. ekki lögaðili, og að umræddur fjármálagerningur sé eina eign á vörslureikningi viðkomandi.

Fjármálagerningur:	Skráðir ríkisvixlar	Ávöxtun á tímabilinu:	0,00%
Viðskiptavettvangur:	Verðbréfamiðlun	Markaður:	Ísland
Fjárfestingartími:	6 mánuðir	Gjaldmiðill:	Íslensk króna (ISK)

Samanlagður kostnaður og tengd gjöld á fjárfestingartímanum

Dæmi um fjárfestingu:	500.000 kr.		1.000.000 kr.		5.000.000 kr.	
	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu
Kostnaður við vöru	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%
Kostnaður við þjónustu ¹	9.400 kr.	1,88%	9.400 kr.	0,94%	17.900 kr.	0,36%
Þóknanir frá þriðja aðila	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%
Kostnaður og gjöld samtals:	9.400 kr.	1,88%	9.400 kr.	0,94%	17.900 kr.	0,36%

Uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun á fjárfestingartímanum

	500.000 kr.	1.000.000 kr.	5.000.000 kr.
Virði fjárfestingar ef enginn kostnaður eða gjöld eru til staðar	500.000 kr.	1.000.000 kr.	5.000.000 kr.
Virði fjárfestingar ef allur kostnaður og gjöld eru innifalin	490.600 kr.	990.600 kr.	4.982.100 kr.
Viðbúinir toppar og sveiflur í kostnaði og gjöldum (vegna kaup- og sölubóknunar)	5.400 kr.	5.400 kr.	13.900 kr.
Vöxtur fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar, miðað við 0% ávöxtun	-1,88%	-0,94%	-0,36%
Þetta jafngildir lækkun á ávöxtun um	9.400 kr.	9.400 kr.	17.900 kr.

¹Um er að ræða kaupþóknun, afgreiðslugjald og vörsluþóknun. Lágmarksvörslugjald er tekið af öllum söfnum óháð stöðu og afurð. Sjá nánar í verðskrá verðbréfa- og lífeyrisþjónustu bankans á arionbanki.is/verdskra

Skráð ríkisskuldabréf - viðskipti í gegnum verðbréfamiðlun

Forsendur

Meðfylgjandi dæmi veitir upplýsingar um áætlaðan kostnað og tengd gjöld, birt sem hlutfall af fjárfestingu og sem krónutala, þegar fjárfest er í skráðum ríkisskuldabréfum, með lánstíma yfir einu ári, í gegnum verðbréfamiðlun. Jafnframt má sjá hver uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda eru á ávöxtun. Dæmið er þrískipt eftir fjárhæðum.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingartími sé þrjú ár og bréfin seld í lok þess tíma. Skuldabréfin í þessu dæmi eru með vaxtagreiðslufyrirkomulagi og greiðast vextir einu sinni á ári. Til einföldunar er ekki gert ráð fyrir ávöxtun á fjárfestingartímanum. Miðað er við að fjárfestir sé einstaklingur, þ.e. ekki lögaðili, og að umræddur fjármálagerningur sé eina eign á vörslureikningi viðkomandi.

Fjármálagerningur:	Skráð ríkisskuldabréf	Ávöxtun á tímabilinu:	0,00%
Viðskiptavettvangur:	Verðbréfamiðlun	Markaður:	Ísland
Fjárfestingartími:	3 ár	Gjaldmiðill:	Íslensk króna (ISK)

Samanlagður kostnaður og tengd gjöld á fjárfestingartímanum

Dæmi um fjárfestingu:	500.000 kr.		1.000.000 kr.		5.000.000 kr.	
	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu
Kostnaður við vöru	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%
Kostnaður við þjónustu ¹	23.500 kr.	4,70%	25.500 kr.	2,55%	65.500 kr.	1,31%
Þóknarir frá þriðja aðila	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%
Kostnaður og gjöld samtals:	23.500 kr.	4,70%	25.500 kr.	2,55%	65.500 kr.	1,31%

Uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun á fjárfestingartímanum

	500.000 kr.	1.000.000 kr.	5.000.000 kr.
Virði fjárfestingar ef enginn kostnaður eða gjöld eru til staðar	500.000 kr.	1.000.000 kr.	5.000.000 kr.
Virði fjárfestingar ef allur kostnaður og gjöld eru innifalin	476.500 kr.	974.500 kr.	4.934.500 kr.
Viðbúinir toppar og sveiflur í kostnaði og gjöldum (vegna kaup- og sölubóknunar)	9.400 kr.	11.400 kr.	51.400 kr.
Vöxtur fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar, miðað við 0% ávöxtun	-4,70%	-2,55%	-1,31%
Þetta jafngildir lækkun á ávöxtun um	23.500 kr.	25.500 kr.	65.500 kr.

¹Um er að ræða kaup- og sölubóknun, afgreiðslugjald og vörslubóknun. Lágmarksvörslugjald er tekið af öllum söfnum óháð stöðu og afurð. Sjá nánar í verðskrá verðbréfa- og lífeyrisþjónustu bankans á arionbanki.is/verðskra

Skráð erlend skuldabréf - viðskipti í gegnum verðbréfamíðlun

Forsendur

Meðfylgjandi dæmi veitir upplýsingar um áætlaðan kostnað og tengd gjöld, birt sem hlutfall af fjárfestingu og sem krónutala, þegar fjárfest er í skráðum erlendum skuldabréfum, með lánstíma yfir einu ári, í gegnum verðbréfamíðlun. Jafnframt má sjá hver uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda eru á ávöxtun. Dæmið er þrískipt eftir fjárhæðum.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingartími sé þrjú ár og bréfin seld í lok þess tíma. Skuldabréfin í þessu dæmi eru ríkisskuldabréf með vaxtagreiðslufyrirkomulagi og greiðast vextir tvisvar sinnum á ári. Til einföldunar er ekki gert ráð fyrir ávöxtun á fjárfestingartímanum. Miðað er við að fjárfestir sé einstaklingur, þ.e. ekki lögaðili, og að umræddur fjármálagerningur sé eina eign á vörslureikningi viðkomandi.

Fjármálagerningur:	Skráð erlend ríkisskuldabréf	Ávöxtun á tímabilinu:	0,00%
Viðskiptavettvangur:	Verðbréfamíðlun	Markaður:	Bandaríkin
Fjárfestingartími:	3 ár	Gjaldmiðill:	Bandaríkjadalur (USD)

Samanlagður kostnaður og tengd gjöld á fjárfestingartímanum

Dæmi um fjárfestingu:	500.000 kr.		1.000.000 kr.		5.000.000 kr.	
	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu	Fjárhæð	Hlutfall af fjárfestingu
Kostnaður við vöru	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%
Kostnaður við þjónustu ¹	56.327 kr.	11,27%	56.327 kr.	5,63%	76.327 kr.	1,53%
Þóknanir frá þriðja aðila	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%	0 kr.	0,00%
Kostnaður og gjöld samtals:	56.327 kr.	11,27%	56.327 kr.	5,63%	76.327 kr.	1,53%

Uppsöfnuð áhrif kostnaðar og tengdra gjalda á ávöxtun á fjárfestingartímanum

	500.000 kr.	1.000.000 kr.	5.000.000 kr.
Virði fjárfestingar ef enginn kostnaður eða gjöld eru til staðar	500.000 kr.	1.000.000 kr.	5.000.000 kr.
Virði fjárfestingar ef allur kostnaður og gjöld eru innifalín	443.673 kr.	943.673 kr.	4.923.673 kr.
Viðbúinir toppar og sveiflur í kostnaði og gjöldum (vegna kaup- og sölubóknunar)	33.582 kr.	33.582 kr.	53.582 kr.
Vöxtur fjárfestingar að teknu tilliti til kostnaðar, miðað við 0% ávöxtun	-11,27%	-5,63%	-1,53%
Þetta jafngildir lækkun á ávöxtun um	56.327 kr.	56.327 kr.	76.327 kr.

¹Um er að ræða kaup- og sölubóknun, afgreiðslugjald og vörslubóknun. Miðað er við opinbera gengisskráningu bandaríkjadals gagnvart krónu 31. mars 2022, 127,9 kr. Lágmarksvörslugjald er tekið af öllum söfnum óháð stöðu og afurð. Sjá nánar í verðskrá verðbréfa- og lífeyrisþjónustu bankans á arionbanki.is/verðskra

Skýringar á kostnaði

Vörslubóknun

Vörslubóknun er greidd fyrir vörslu verðbréfa hjá Arion banka og er reiknuð á stöðu safna á hverjum degi. Vörslubóknun er keyrð og gjaldfærð á eignastýringarsöfn um hver mánaðamót og lágmarksbóknun tekin inn í útreikninga. Vörslubóknun á vörslusöfn er innheimt tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október.

Lágmarksbóknun reiknast á öll opin söfn og því til viðbótar reiknast hlutfall af heildarvirði gjaldskyldra verðbréfa í vörslu og eignastýringu, sem er umfram lágmarksbóknun. Vörslubóknun vegna skuldabréfa sem gefin eru út erlendis reiknast af nafnverði.

Engin vörslubóknun er greidd af fjármálagerningum útgefnum af Arion banka hf. eða af sjóðum Stefnis hf., þó er lágmarksgjald tekið af öllum söfnum óháð stöðu og afurð.

Miðlunarþóknun

Miðlunarþóknun er greidd vegna miðlunar verðbréfa, t.d. vegna kaup og sölu á hlutabréfum og skuldabréfum.

Afgreiðslugjald

Afgreiðslugjald er innheimt af viðskiptum með fjármálagerninga ásamt svokölluðum fyrirtækjaaðgerðum, sem eru m.a. arðgreiðslur, útdráttur húsbrefta, innheimta, jöfnun, samruni og fleira.

Fjármagnstekjuskattur

Ekki eiginlegur kostnaður heldur skattur sem leggst á eignatekjur, þ.e. vexti, arð, söluhagnað og leigutekjur. Af vaxtatekjum og arði er dregin staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts, en skattur af söluhagnaði hlutabréfa og leigutekjum er greiddur eftirá.

Þeir sem annast fjárvörslu, innheimtu eða taka við innlánum, eiga að halda eftir af vaxtatekjum, þeim hluta sem samsvarar gildandi fjármagnstekjuskattsprósentu hverju sinni, til staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og skila í ríkissjóð.





Arion banki

Borgartún 19

105 Reykjavík

kt: 581008-0150

arionbanki@arionbanki.is

arionbanki.is